

Efnahags- og viðskiptanefnd

Viðskiptafrelsi, virk samkeppni og skilvirkt skattkerfi eru grunnforsendur fyrir sterkt efnahagsumhverfi. Atvinnugreinar á Íslandi þurfa að búa við sambærileg skilyrði og atvinnugreinar í þeim löndum sem við eigum í viðskiptum við. Heimurinn breytist hratt og minnkar stöðugt. Því fylgir að samkeppni um fólk verður meiri og mikilvægt er að tryggja að auðvelt sé fyrir fólk og fyrirtæki að starfa á Íslandi óháð atvinnugreinum og bakgrunni.

Málefni fyrirtækja

Einfalt á að vera að stofna fyrirtæki á Íslandi og að ráða fólk til starfa. Forsenda uppbyggingar og nýrra tækifæra er nýsköpun. Ríkið á ekki að standa í vegi fyrir framtaksömu fólki sem vill láta hugmyndir verða að veruleika heldur á að auðvelda því að stofna fyrirtæki. Bæta þarf samkeppnisumhverfið þannig að hagsmunir almennings séu alltaf hafðir að leiðarljósi og tryggja þarf að málefni fyrirtækja sem leita þurfa til Samkeppniseftirlitsins fái eins skjóta málsmeðferð og kostur er. Skoða skal hvort ávinningur sé af því að sameina Samkeppniseftirlitið og Neytendastofu. Mikilvægt er að tryggja jafnræði fyrirtækjareksturs innan EES.

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru hornsteinn í íslensku atvinnulífi og því þarf að tryggja að álögur og reglur séu sniðnar að þeim sem vilja stofna fyrirtæki til að standa ekki í vegi fyrir framtakssemi einstaklinga.

Skattar

Skattaumhverfið þarf að vera sanngjarnt, skilvirkt og samkeppnishæft á alþjóðamarkaði. Skattar þurfa að vera einfaldir og skattkerfið má ekki letja fólk og fyrirtæki. Mikilvægt er að skattalegir hvatar séu áfram nýttir til að ýta undir fjárfestingu í nýsköpun. Sjálfstæðisflokkurinn hefur einn flokka raunverulega staðið fyrir lægri sköttum gegnum tíðina og mikilvægt er að fara í endurskoðun á skattkerfinu og auka

skilvirkni þess. Endurskoða þarf tekjuskatta og barnabætur með það að markmiði að skattheimta sé einföld, gagnsæ og skilvirk.

Einfalda þarf virðisaukaskattskerfið með sameiningu skattþrepanna auk þess að skoða niðurfellingu virðisaukaskatts á afmarkaðar vörur og þjónustu. Skoða þarf niðurfellingu virðisaukaskatts vegna uppbyggingar á mikilvægum innviðum. Tryggja þarf áframhaldandi og auknahræða sem styðja við uppbyggingu og nýsköpun. Þá þarf að fylgja því eftir að sértækir skattar vegna fjármálaþjónustu verði að fullu afnumdir með það að markmiði að bæta vaxtakjör fólks og fyrirtækja.

Veita skal einstaklingum heimild, með ákveðnum takmörkunum, til að draga frá tekjuskatti kaup á skráðum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum.

Lífeyrismál

Mikilvægt er að taka lífeyriskerfið á Íslandi til sérstakrar skoðunar með það að markmiði að auka frelsi.

Auka þarf frelsi launafólks til að velja sér lífeyrissjóð og ráðstafa viðbótalífeyrissparnaði sínum. Festa þarf í sessi heimild til ráðstöfunar viðbótarlífeyrissparnaðar inn á húsnæðislán og gæta þess að fjárhæðir fylgi verðlagsþróun. Skattfrjáls ráðstöfun viðbótalífeyrissparnaðar og helmings afsláttur stimpilgjalda fyrir fyrstu kaupendur voru skref í rétta átt en gera þarf skattfrjálsa ráðstöfun viðbótalífeyrissparnaðar að varanlegu úrræði og afnema stimpilgjaldið alfarið.

Með lögfestingu tilgreindrar séreignar opnast frekari möguleikar á að veita launafólki frelsi til að byggja upp eigin sparnað. Heimila á einstaklingum að nýta tilgreinda séreign til að byggja upp eigið eignasafn í formi hlutabréfa og annarra verðbréfa.

Tryggja þarf að frítekjumark ellilífeyrisþega sé ekki svo lágt að það hindri þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði eftir að lífeyrisaldri er náð.

Hækka skal lífeyrisaldur í 70 ár. Samræma skal réttindi opinberra starfsmanna við réttindi starfsmanna á almennum vinnumarkaði til að vinna umfram lífeyrisaldur.

Fyrirtæki í ríkiseigu

Ríkið á ekki að standa í samkeppnisrekstri og því er mikilvægt að ráðast í sölu ríkiseigna með opnu og gagnsæju ferli. Halda þarf áfram að losa um eignarhald ríkisins í

fjármálastofnunum og ljúka við sölu á hlutum ríkisins í Íslandsbanka og hefja söluferli á Landsbankanum.

Leggja skal niður starfsemi ÁTVR og gefa sölu á áfengi frjálssa.

Vinumarkaðurinn

Tryggja þarf stöðugleika á vinnumarkaði og að reglur vinnumarkaðarins séu virtar. Virða á félagafrelsi og auðvelda starfsfólki að velja hvort og hvaða stéttarfélagi það vill tilheyrja. Launagreiðendur og stéttarfélög þurfa að tryggja raunverulegt félagafrelsi á vinnumarkaði. Rýmka þarf heimildir fyrir einstaklinga sem koma utan EES til að starfa á Íslandi. Rýmka þarf heimildir þeirra sem náð hafa 70 ára aldri til að sinna störfum hjá hinu opinbera. Aldurssamsetning þjóðarinnar mun breytast hratt á næstu árum og nauðsynlegt er að gera fólki kleift að starfa lengur en til sjötugs, kjósi það svo, enda með víðtæka þekkingu og reynslu.

Leggja ætti áherslu á norræna vinnumarkaðsmódelið og að hið opinbera leiði ekki launaþróun í landinu.

Stafrænt Ísland

Ísland þarf að nýta þau tækifæri sem felast í örum tæknibreytingum. Meðal þeirra áskorana eru auknar kröfur almennings og atvinnulífs um sjálfsafgreiðslu og stafræna opinbera þjónustu. Vinnu við Stafrænt Ísland miðar vel áfram þar sem þjónustuferlar hins opinbera eru færðir yfir á stafrænt form.

Innleiðingin eykur framleiðni hjá hinu opinbera og bætir þjónustu til almennings og fyrirtækja. Þannig geta notendur þjónustunnar nálgast hana hvar og hvenær sem er, óháð búsetu og staðsetningu, eftir því sem hentar hverju sinni. Störf verða einnig óháð búsetu, skapa atvinnutækifæri í dreifðari byggðum og einfalda flutning á verkefnum opinberra stofnana af höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina.

Varast skal að ríkið og sveitarfélög keppi við einkaaðila um framþróun á tækni.